




Undir íslömskum yferráðum

Fyrir 1200 árum tók íslamstrú að berast til Norður-Indlands með kaupmönnum og hermönnum. Áhrif múslima í landinu jukust smátt og smátt og veldi þeirra náði loks hámarki fyrir u.þ.b. 400 árum síðan, undir stjórn mógúliska keisaraveldisins sem stjórnðu nánast öllum Indlandsskaganum. Þrátt fyrir að mikill munur sé á hindúum og múslimum bæði hvað varðar átrúnað og samfélagsgerð þá náðu þeir lengst af að lifa saman í friði.



Akbar hinn mikli, sem var líklega áhrifamesti keisari mógúlanna, sýndi í fyrstu lítið umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum en íslam. Fljótlega varð hann hinsvegar fyrir áhrifum nokkurra vinsælla gúrúa sem hvöttu til friðar og samstillingar milli trúarbragða og viðhorf hans breyttist það mikið að Akbar varð í reynd þekktur fyrir umburðarlyndi sitt og áhuga á trúmálum. Margir af ráðherrum hans voru hindúar og hann fjármagnaði ekki aðeins byggingu á moskum fyrir múslima heldur einnig musteri fyrir hindúa og kirkjur fyrir kristna. Hann hélt einnig fjölda ráðstefna um trúarbrögð þar sem múslimar, kristnir, hindúar, shíkar, janistar, gyðingar og fleiri rökræddu trúmál sem jafningjar.

Umburðarlyndi er það að hlusta á aðra og leyfa þeim að hafa sína skoðun og reyna að skilja það sem fólk gerir þó svo að maður sé ekki endilega sammála því. Almenn er álitid að fólk eigi að sýna umburðarlyndi gagnvart hverjum þeim skoðunum eða hegðun sem ekki er skaðleg. Foreldri sýnir t.d. barninu sínu umburðarlyndi með því að leyfa því að hlusta á tónlist sem því sjálfu finnst leiðinleg í stað þess að banna hana eða rífa græjurnar úr sambandi. Barnið sýnir svo foreldri sínu umburðarlyndi á sama hátt með því að hafa ekki tónlistina í botni þegar foreldrar þess eru heima.

Langafabarn hans, Aurangzeb keisari var hinsvegar ekki svona frjálslýndur. Hann kom á mjög ströngum lögum og þrengdi verulega að rétti hindúa í landinu. Auk þess lét hann eyðileggja fjölmörg musteri hindúa og bannaði alla tónlist, bæði hjá hindúum og múslimum. Með þessum aðgerðum voru hindúar útilokaðir frá opinberu trúarlífi. Þeir fóru því að iðka trú sína meira í einrúmi og inn á heimilum í staðin fyrir í musterum og opinberum stöðum. Er það enn áberandi einkenni hindúatrúar. Eftir dauða Aurangzeb fór að halla verulega undan veldi mógúlanna og það leið fljótlega undir lok.



Spurningar

1. Hvaða átrúnaður breiddist um Indland undir stjórn mógúlska keisaraveldisins?
2. Hvernig gekk hindúum og múslimum að lifa saman?
3. Hvaða munur var á stjórnunaraðferðum keisaranna Akbars og Aruangzebs?